

Nd.

534. Breytingartillögur

við frv. til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá Jóni Baldvinsyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar ráðuneytið einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar. Hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir þannig: einn af stjórn Alþýðusambands Íslands, einn af stjórn Landsbanka Íslands, einn af Sambandi íslenskra samvinnufjelaga og loks einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Nefndin er bundin þagnarskyldu, nema gagnvart ríkisstjórn og skattánefndum.

2. Við 3. gr. Orðin: »Með samþykki fjármálaráðherra« falli burt.

3. Við 4. gr. Orðin: »Með samþykki fjármálaráðherra« falli burt.

4. Við 5. gr. Í stað orðanna: »Heimilt er fjármálaráðherra« komi: Heimilt er nefndinni.

5. Við 8. gr. Í stað: »Fjármálaráðherra« i upphafi greinarinnar komi: Ráðuneytið.